

## Fundur í Nemendafélaginu 13. janúar 2025 kl. 10:50.

Mættir: Lúkas, Arnþór, Helgi, Haraldur, Einar Ási, Valgarður, Díana, Veronika, Palli og Oddur.

- Farið yfir síðustu fundargerð. Athuga eftirfarandi:
  - Daglega stærðfræðikennslu á miðstigi.
  - Meiri leiklistarkennslu á miðstigi.
  - Boðið var upp á djús og kex á fundinum samkvæmt beiðni fulltrúa á síðasta fundi.
  - Mál með pappír og handpurrkur á salernum á unglingastigi er komið í lag.
  - Ekki hefur reynt á að nemendur á miðstigi séu kurteisir þegar þeir mæta á sparkvöllinn þar sem unglingar hafa ekki verið að spila fótbolta undanfarið.
- Almenn ánægja með ferð 10. Bekkjar í Álfrholtsskóg að velja jólatré. Vel tekið á móti hópnum af Reyni, formanni Skógræktarfélags Skilmannahrepps og góð samverustund í skóginum.
- Nemendaping á vorönn. Tillögur frá fulltrúum að umræðuefnum:
  - Óskráðar reglur um sæti í rútu
  - Föst sæti í matsalnum, kostir og gallar
  - Kenna sund fyrir áramót á unglingastigi og annað eftir áramót
  - Notkun símtækja í skólabílum, of hátt stilltir og líka spurning hvað má gera í símunum?
  - Samskipti.
- Fyrirhugað að samstarfsskólarnir haldi ball á Varmalandi þann 13. febrúar, ballið kemur í stað Jólballs sem fulltrúar allra Nemendafélaga samstarfsskólanna ákváðu að fella niður í desember.
- Önnur mál á miðstigi: Engin

Miðstig vék af fundi

- Skíðaferð: Fulltrúar unglunga mæla með skíðaferð unglingastigs sem fyrst. Skólinn greiðir rútukostnað, Nemendafélagið greiðir lyftugjald 1300 kr. og foreldrar þurfa að greiða leigu á búnaði fyrir þá sem það þurfa kr. 4650. Mikilvægt að allir sem geta mæti með hjálm því takmarkað er til af hjálmum á svæðinu. Ákveðið að fara sem fyrst í skráningu, hverjir ætla að fara og hverjir þurfa búnað. Mikilvægt að skrá skóstarð til að flýta fyrir afgreiðslu leigubúnaðar á svæðinu. Nemendur þurfa að vita hæð og þyngd og láta vita á staðnum. Stefnt að því að reyna að komast 21. janúar ef mögulegt er.

5. Önnur mál á unglingsstigi: Minnt á að fá púða í glugga í félagsrými unglings.

Fundi slitið kl. 11:30. Almenn ánægja með djús og kex ásamt breyttum fundartíma.